

Saga leikskólastigsins í hnotskurn

- 1894 Bríet Bjarnhéðinsdóttir lagði til að stofnuð yrði uppeldisstofnun í Reykjavík þar sem smábörn væru í gæslu á daginn. Hugmyndir um uppeldisstofnun fyrir ung börn voru mjög ræddar á þessu ári og mörg þau næstu, án þess að þær væru framkvæmdar.
- 1903 Stofnað var félag til þess að koma í sveit börnum sem bjuggu við erfiðar aðstæður.
- 1906 Barnaheimilið Karitas var opnað og starfrækt í nokkur ár. Þar voru 3-18 mánaða gömul börn.
- 1910 Sigurbjörg Þorláksdóttir raf sumardvalarheimili 1910-1913 í Reykjavík.
- 1915 Fyrsti skipulagði leikvöllurinn tekinn í notkun í Reykjavík. Hann var gerður fyrir tilstilli kvenfélaganna sem stóðu að kvennaframboðinu 1908.
- 1924 Barnavinafélagið Sumargjöf stofnað að frumkvæði Bandalags kvenna sem unnið hafði að málinu í nokkur ár. Fjölmargir kennarar meðal stofnfélaga. Upphaflegur tilgangur félagsins var að stuðla að almennri umræðu og starfi sem mundi efla velferð barna. Félagið starfrækti dagheimili í fyrsta sinn í tvo mánuði yfir sumartímann.
- 1924 Þórhildur Helgason hóf rekstur Frøbels-barnagarðs í Reykjavík, sem starfaði til ársins 1935.
- 1928 Þuríður Sigurðardóttir hóf rekstur barnaheimilisins Vorblómsins og rak það til ársins 1935
- 1932 Sumargjöf hóf rekstur leikskólans Grænuborgar í Reykjavík. Vesturborg var bætt við 1936 (rekið sem heilsársdagheimil frá 1938), Tjarnarborg 1942 og Suðurborg 1943. Reykjavíkurborg styrkti fyrst starfsemina á árinu 1935 og ríkið lagði einnig til styrk frá árinu 1937. Fram til ársins 1978 voru flestir leikskólar Reykjavíkur byggðir af borginni en Sumargjöf annaðist reksturinn. Rekstur leikskóla Reykjavíkur var því að miklu leyti á könnu Sumargjafar í rúm 40 ár.
- 1932 Lög voru sett um barnavernd. Barnaverndar nefnd Reykjavíkur skipuð.
- 1946 Barnavinafélagið Sumargjöf setti sér það markmið að í framtíðinni skyldi engin stúlka ráðin til starfa við barnaheimili Sumargjafar án þess að hafa hlotið sérstaka menntun til þess.
- 1946 Uppeldisskóli Sumargjafar stofnaður 1. október 1946, Skólastjóri frá upphafi var Valborg Sigurðardóttir. Námstími var tvö ár, níu mánuðir hvort ár, skipt til helminga á milli verklegs og bóklegs náms. Árið 1957 var nafni Uppeldisskóla Sumargjafar breytt í Fóstruskóla Sumargjafar.
- 1946 Katrín Thoroddsen lagði fram frumvarp til laga um dagheimili fyrir börn innan skólaskyldualdurs. Lögunum var ætlað að bæta uppeldisskilyrði barna í þéttbýli, en náðu ekki fram að ganga.
- 1973 Lög samþykkt um Fósturskóla Íslands. Menntamálaráðuneytið tók þar með við rekstri skólans af Sumargjöf og nafninu var breytt úr Fóstruskóla í Fósturskóla Íslands. Námið var skilgreint sem þriggja ára nám, en hafði verið í það í raun frá árinu 1968. Skólinn var fluttur á háskólastig 1998 og varð að leikskólakennaraskor við Kennaraháskóla Íslands. Þaðan útskrifuðust fyrstu leikskólakennararnir með B.Ed gráðu 1998. Háskólinn á Akureyri stofnaði leikskólakennaraskor árið 1996 og útskrifaði fyrstu leikskólakennarana með B.Ed. gráðu árið 1999.
- 1973 Lög samþykkt um hlutdeild ríkisins í byggingu og rekstri dagvistunarheimila, nr. 29/1973. Lögin snerust um fjármál, en fyrsta grein þeirra er um markmið þessara stofnana og eru því fyrstu almennu lögin um starfrækslu dagvistunarheima og undanfari laga um leikskólar. Lögin voru endurskoðuð 1976 og þá fluttist öll

ábyrgð af rekstrarkostnaði til sveitarfélaganna, en ríkið áfram undir helmingi stofnkostnaðar á móti sveitarfélögum. Þessu var síðan breytt aftur með lögum um verkskiptingu sveitarfélaga og ríkis 1989 en með þeim er allur kostnaður við leikskólana færður til sveitarfélaganna.

- 1985 Uppeldisáætlun fyrir dagvistarheimili var gefin út samkvæmt fyrirmælum sem sett voru inn í lög um kostnaðarskiptingu árið 1981. Með þeirri viðbót áréttá stjórnvöld ábyrgð sína á uppeldishlutverki þessara stofnana. Uppeldisáætlunin markaði nokkur tímamót að því er varðar formlega og faglega opinbera skilgreiningu á hlutverki leikskólar. Fyrsta aðalnámskrá leikskóla var gefin út árið 1999.
- 1991 Lög um leikskóla nr. 48/1991. Leikskólaheitið tók völdin og stigið var formlegt skref í átt að því að færa leikskólana inn í skólakerfið. Þetta voru fyrstu lögin um leikskóla sem fjalla um inntak starfsins og ná til barna frá því fæðingarorflogi foreldra lýkur og þar til skóalskylda hefst. Þau grundvallast á uppeldisáætluninni frá 1985 og renndu lagastoðum undir hana. Í lögunum er ítarleg markmiðsgrein, þannig að tilgangur þessara skóla hvíldi nú á traustum lagagrunni. Meðlæg staða leiksins er áréttuð í lögunum. Sú skylda er lögð á herðar sveitarfélögum að stofna leikskóla.
- 1994 Lög um leikskóla nr. 78/1994. Leikskólinn er formlega skilgreindur sem fyrsta skólastigið og þannig tekinn inn í skólakerfið. Heitið leikskólakennari er nú notað um fagfólk hvort sem það lýkur leikskólakennaranámi eða fósturnámi eða hefur borið starfsheitið fóstura.
- 1999 Aðalnámskrá leikskóla gefin út.
- 2004 Ákveðið að þrjú gjaldfrjálsir tímar séu fyrir fimm ára börn í leikskólum Reykjavíkur. Borgin segist stefna að gjaldfrjálsum leikskóla.

Úr bók Jóns Torfa Jónssonar: Frá gæslu til skóla, 2006.